

Miðvikudaginn 28. janúar 1959.

Nr. 79/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Robert P. Walsh

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabætur fyrir ólöglega handtöku.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1958. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar bótafjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði, og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. október sl., að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 100.000,00, en *til vara* lægri fjárhæð, ásamt 7% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, þykja bætur til handa gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 15.000,00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Robert P. Walsh, kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. marz 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Robert P. Walsh, sem nú mun vera búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. maí 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100.000,00, með 7% ársvöxtum frá 22. okt. 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. „ríkisvaldsins“ til réttargæzlu í málinu. Með stefnu, birtri 9. janúar 1957, hefur stefnandi auk þess stefnt Guðmundi Í. Guðmundssyni utanríkisráðherra og Birni Ingvarssyni, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, til að gæta réttar síns í málinu. Stefnandi hefur ekki gert sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæzlustefndu. Af hálfu Guðmundar Í. Guðmundssonar og Björns Ingvarssonar var í greinargerð krafizt málskostnaðar. Síðar hefur verið fallið frá þeirri kröfu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að honum yrðu dæmdar bætur eftir mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 12. október 1955, skömmu eftir hádegi, komu á fund lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, Björns Ingvarssonar, réttargæzlustefnda í máli þessu, eftirgreindir menn:

dr. Cotman, yfirlæknir varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli,
majór Whittington lögfræðingur, yfirmaður lagadeildar varnarliðsins,
capt. Cickson lögfræðingur,
majór Hotard herlögreglustjóri,

James Gallagher og
frú Bergljót Walsh, eiginkona stefnanda.

Samkvæmt skýrslu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli virðist yfirlæknir varnarliðsins hafa haft orð fyrir hópnum, sem óskað hafði viðtals við lögreglustjóra út af máli, er fólk þetta taldi mjög alvarlegt. Segir svo meðal annars í skýrslu þessari:

„Yfirlæknir varnarliðsins skýrði mér svo frá, að frú Walsh hefði leitað til sín og greint sér frá geðveiki manns síns og að hún væri ekki óhult um líf sitt og barna. Enn fremur gat hann þess, að frúin hefði tjáð sér, að er þau hjón hefðu búið í Bandaríkjunum, hefði herra Walsh leitað geðlæknis við hið kunna sjúkrahús John Hopkins og læknir eða læknar þar greint svo frá, að hann væri með sérstaka tegund leyndrar geðveiki, er yfirlæknirinn nefndi.

Eftir frásögn yfirlæknisins hafði hann kynnt sér þetta og séð eitthvað af einkennilegum bréfum eða hótunarbréfum, er herra Walsh hafði ritað eiginkonu sinni.

Hópur þessi taldi börn þeirra hjóna í mikilli yfirvofandi lífs-hættu, og var rætt um, hvernig þeim yrði best borgið. Haft var samband við næstæðsta mann varnarliðsins hér, col. Manzo, en hann vildi eigi, að varnarliðið handtæki herra Walsh, þar sem hann væri eigi í þjónustu þess, heldur skyldi málinu vísað til íslenzkra yfirvalda. Hafði ég þegar samband við utanríkisráðuneytið — varnar-máladeild —, Pál Ásgeir Tryggvason fulltrúa, og greindi honum frá erindi fólks þessa og beiðni, að herra Walsh væri tekinn til geðrannsóknar, þar sem hann væri hættulegur konu sinni og börnum.

Fulltrúinn sagðist mundu athuga þetta mál við dómsmálaráðuneytið og láta mig síðan vita.

Á meðan á því stóð, höfðu yfirmaður lagadeildar varnarliðsins og yfirlæknirinn samband við ameríska sendiráðið og greindu því frá málavöxtum.

Nokkru seinna var hringt frá utanríkisráðuneytinu — varnar-máladeild — af Páli Ásgeiri Tryggvasyni fulltrúa og mér tjáð, að þegar hefði verið rætt við sakadómaraembættið um mál þetta og ég skyldi tala við sakadómara.

Hringdi ég þegar í skrifstofu sakadómara, en náði eigi til sakadómara, en í Guðmund Ingva Sigurðsson fulltrúa og tjáði honum frá málavöxtum og að frú Walsh mundi koma inn eftir til hans með fulltrúa mínum, Guðjóni Valgeirssyni, er heimili á í Reykjavík, og var svo gert.“

Hefur fyrrgreindur fulltrúi sakadómara skýrt svo frá, að frú Bergljót og fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli hafi komið á skrifstofu hans um kl. 17,30. Kveðst hann hafa átt tal við þau og fengið staðfest af þeim, að stefnandi væri geðveikur. Þar sem hér hafi aðeins verið um það að ræða að koma geðveikum manni undir læknishendi, kveðst fulltrúinn ekki hafa séð ástæðu til að kveða upp úrskurð um handtöku stefnanda. Þá hafi hann hvorki haft ástæðu né tök á að meta sjálfstætt beiðni lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hliðsetts yfirvalds, um aðgerðir í máli þessu. Hafi hann því falið tveimur rannsóknarlögreglumönnum að handtaka stefnanda og flytja hann í hegningarhúsið til geymslu, þar til búið væri að hafa tal af yfirlækni geðveikraspítalans á Kleppi, dr. Helga Tómassyni. Skömmu eftir að lögreglumennirnir komu með stefnanda í hegningarhúsið, kveðst fulltrúinn hafa náð tali af dr. Helga Tómassyni, er hafi sagt, að hann gæti veitt manninum viðtöku. Kveðst fulltrúinn þá strax hafa gefið skipun um að flytja stefnanda á geðveikraspítalann.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að kl. 6 um kvöldið hafi tveir menn, sem kváðust vera starfsmenn rannsóknarlögreglunnar, komið heim til hans að Blönduhlíð 12 hér í bæ og tilkynnt honum, að þeir hefðu fengið fyrirskipun um að handtaka hann og koma honum undir læknishendur til rannsóknar.

Kveðst stefnandi hafa mótmælt þessu þegar í stað og óskað þess að fá að hafa samband við sendiráð Bandaríkjanna út af þessu, en mennirnir hafi skýrt svo frá, að sendiráðinu hefði verið gert aðvart um þetta, þar sem hann væri bandarískur þegn. Kveðst stefnandi þá hafa farið af stað með mönnunum, en í stað þess að fara með hann til læknis, eins og þeir höfðu boðað, hefðu þeir farið með hann á lögreglustöðina í bænum og tilkynnt honum, að honum yrði haldið þar til næsta morguns, en þá yrði farið með hann til læknis til rannsóknar. Þessu kveðst stefnandi hafa mótmælt harðlega. Eftir að annar mannanna hefði talað við einhvern í síma, hafi honum verið tilkynnt, að farið yrði með hann til læknis þá þegar. Hafi mennirnir því næst flutt hann að Kleppi. Þar hafi honum verið skipað að ganga inn, og hafi hjúkrunar-kona tekið á móti honum, en læst dyrunum undireins. Hjúkrunar-konan hafi vísað honum í herbergi og beðið hann að afklæðast og fara í náttföt, er hún hafi haft meðferðis. Er hér var komið, hafi honum ekki verið farið að lítast á blikuna. Kveðst stefnandi satt að segja ekki hafa vitað, hvaðan á hann stóð veðrið, og hafa

verið farinn að óttast verulega um hag sinn vegna þessara aðgerða. Kveðst hann því hafa beðið hjúkrunarkonuna um leyfi til að hafa símasamband við bandaríska sendiráðið, en þá hafi svo undarlega við brugðið, að hún hafi ekkert þótt skilja í ensku. Hins vegar hafi hún skýrt honum svo frá, að sjúkrahússlæknirinn mundi koma og tala við hann um kl. 9 þetta sama kvöld. Hafi hún því beðið hann að háttu þarna og bíða eftir læknum. Kveðst stefnandi ekki hafa séð sér annað fært en að gera þetta, enda þótt þarna í sama herbergi hafi verið milli 20—35 sjúklingar, sennilega allt geðveikisjúklingar.

Um kl. 9 um kvöldið hafi svo sjúkrahússlæknirinn, dr. Helgi Tómasson, komið. Hafi hann sagt, að mál þetta væri mjög óvenjulegt og að hann skildi ekki, hvað væri á seyði. Hann hafi verið beðinn af skrifstofu sakadómara að geyma stefnanda yfir nóttina og rannsaka hann. Segir stefnandi, að læknirinn hafi spurt hann, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að hann (stefnandi) væri á spítalanum, þar til læknirinn hefði fengið í sínar hendur bréf, sem læknum skildist, að væru kölluð „hótunarbréf“ og hann (stefnandi) hefði átt að hafa skrifað. Kveðst stefnandi hafa samþykkt þetta fyrir beiðni hans, enda kveðst stefnandi hafa gert ráð fyrir, að neitun væri þýðingarlaus, þar sem hann hafði verið fluttur með valdi á staðinn. Kveðst stefnandi aldrei áður hafa komið á geðveikraspítala og því síður verið með 20—35 geðsjúklingum í einu og sama herbergi. Hafi honum því liðið ákaflega illa og ekki getað sofið alla nóttina.

Næsta morgun hafi svo önnur hjúkrunarkona komið og farið þess á leit, að hann fylgdi henni á skrifstofu læknisins. Að nokkurri stundu liðinni hafi dr. Helgi Tómasson komið, en áður hafi hjúkrunarkonan verið búin að taka blóðsýnishorn, sem læknirinn muni hafa rannsakað. Stefnandi segir, að læknirinn hafi ávarpað hann í léttum tón, sýnt honum bréf það, er hann (stefnandi) hafði skrifað, og því næst lýst yfir því, að hann yrði að „henda honum út“, þar sem rannsókn þessi og aðfarir virtust vera algerlega að óþörfu gerðar. Hafi þeir síðan talað saman í um það bil ½ klukkustund, en eftir það hafi hann fengið föt sín og farið heim til sín.

Stefnandi kveðst hafa ritað dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 22. okt. 1955, og farið þess þar á leit, að skipaður yrði sérstakur rannsóknardómari til þess að rannsaka mál þetta. Kveðst hann þá jafnframt hafa krafizt bóta úr hendi ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 100.000,00, þar sem hann taldi aðgerðirnar gagnvart sér varða

við 132. gr., sbr. 231. gr. hinnu almennu hegningarlaga. Bréfi þessu hafi dómsmálaráðuneytið engu svarað. Hafi hann því höfðað einkamál þetta. Framangreindri skýrslu stefnanda hefur ekki verið andmælt af stefnda hálfu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að handtaka hans hafi verið algerlega ólögleg og refsiverð og eigi rót sína að rekja til tilmæla lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli til sakadómarans í Reykjavík. Lögreglustjóranum hafi borið skylda til að kynna sér sérstaklega ástand stefnanda, en hann hafi ekki haft í höndum önnur gögn um heilbrigði hans en sögusögn eiginkonunnar. Þá hafi fulltrúi sakadómara ekki hirt um að kveða upp úrskurð um handtökuna. Það sé alveg ósannað, að stefnandi hafi verið geðveikur. Jafnvel þótt svo hefði verið, þá hefði handtakan samt, eins og á stóð, verið alger lögleysa. Eigi hann því rétt á bótum úr hendi rikissjóðs, er borið hafi ábyrgð á starfi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og fulltrúa sakadómara í umrætt skipti. Hefur stefnandi í þessu efni vísað til 151. gr. laga nr. 27/1951, 1. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga og almennrar skaðabótareglu íslenzks réttar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi fyrst og fremst á því, að það hafi verið fullkomin ástæða til að fjarlægja stefnanda frá fjölskyldu sinni og koma honum undir læknishendur, þar sem hann hafi verið haldinn geðveiki, sem gerði hann hættulegan umhverfi sínu. Það, að stefnanda hafi verið sleppt út af geðveikraspítalanum, eftir að hann hafði dvalizt þar eina nótt, sé engin sönnun fyrir heilbrigði hans, enda verði viðtal það, sem dr. Helgi Tómasson átti við stefnanda, ekki talið fullkomin geðrannsókn. Í þessu sambandi hefur stefndi einkum vísað til 2. mgr. 31. gr. lögræðis-laga, nr. 95/1947.

Þessu til stuðnings hefur stefndi lagt fram skýrslu eiginkonu stefnanda um sambúð þeirra hjóna, sem hún kveður hafa varað í tíu ár, en hún giftist stefnanda árið 1945. Þjuggu þau ýmist á Íslandi eða í Bandaríkjunum. Frú Bergljót, sem er hjúkrunarkona að menntun, kveðst fljótlega hafa orðið vör við bresti í skapgerð manns síns. Í skýrslu sinni, sem er mjög ýtarleg, hefur hún meðal annars á það bent, að stefnandi hafi stundum verið mjög erfiður á skapsmunum. Hafi hann þá sleppt sér alveg að ástæðulausu og þá stundum brotið allt og bramlað. Þá hafi hann bæði undir áhrifum víns og allsgáður lagt hendur á hana, svo að hún hafi hlotið stórmeiðsli af, og hvað eftir annað hafi hann hótáð að drepa hana. Eitt sinn hafi hann hert svo að hálsi hennar, að

henni hafi legið við köfnun. Í annað sinn hafi hann slegið hana og hrint henni út úr bíl þeirra á nokkurri ferð, svo að hún hafi stórslasast. Þá hafi hann í reiðiköstum ekið bíl sínum með ofshraða, svo að sjúklegt megí teljast. Enn fremur hafi hann verið haldinn ýmsum sjúklegum tilfinningum, svo sem óstjórnlegri afbrýðisemi, og þá stundum haldið henni vakandi nótt eftir nótt til þess að fá hana til að kannast við alls konar ódæðisverk, sem hún hafi átt að hafa framið. Þá hafi hann haft sjúklegt hugboð um dyra- og símahringingar og þá þótzt heyra slíkt, þótt alls ekki væri hringt. Síðustu mánuðina, er þau hafi búið saman, hafi alveg verið fram af henni gengið. Kveðst hún hvorki hafa þorað að vera né fara. Hann hafi mörgum sinnum hótað henni, að hann skyldi drepa hana, ef hún færi, þar sem hann yrði aldrei sæll, fyrr en hann væri búinn að því. Tveimur dögum áður en hún flúði, hafi hann ráðizt á dóttur þeirra og hent henni fram á gang fyrir það eitt, að hún var ekki í þeim náttfötum, sem hann taldi rétt, en í æðisköstum hans hafi börnin verið gripin ofshræðslu. Loks hefur frú Bergljót skýrt svo frá, að hún hafi sett það skilyrði fyrir áframhaldandi sambúð, að hann leitaði til sálfræðings. Átti þetta sér stað, er þau dvöldust í Bandaríkjunum á sínum tíma. Hafi hann á það fallizt, og hafi þau farið á fund vel metins geðlæknis, að nafni dr. Ballich, við John Hopkins-sjúkrahúsið í Baltimore. Hafi læknir þessi sagt, að stefnandi þyrfti spítalavistar við vegna bilunar á geðsmunum. Af því hafi þó ekki orðið, að stefnandi færi á sjúkrahús til dvalar.

Þá hefur Guðrún Rútsdóttir, systir frú Bergljótar, komið fyrir dóm sem vitni. Hefur hún, sem einnig kveðst vera hjúkrunkona, skýrt svo frá, að stefnandi hafi stundum verið þægilegur í umgengni, en hún hafi orðið vitni að atburðum, sem hafi gert það að verkum, að hún hafi óttazt hann. Kveðst hún t. d. hafa séð stefnanda fleygja matardiski yfir matborð í áttina til eigin konu sinnar. Í annað sinn hafi hann fleygt borði með glösum og borðbúnaði á út í vegg. Þá hafi hún séð hann fleygja konu sinni í gólfið, sem var nýmálað og blautt af málningu, sparka í hana og heyrt hann hótá að skjóta hana. Hins vegar hafi hann aldrei gert vitninu neitt. Þá segir vitnið, að það hafi ekki verið neitt leyndarmál innan fjölskyldunnar, að stefnandi hafi haft byssu undir höndum, og auk þess hafi hann haft hangandi uppi um vegg vopnasafn, sverð og rýtinga. Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Stefndi hefur lagt fram vottorð (sænskrar) konu, að nafni Karin

Björklund. Kveðst vottorðsgjafi hafa dvalizt á heimili hjónanna í Reykjavík um fjögurra mánaða skeið. Segir hún m. a. í vottorðinu, að stefnandi hafi oft barið konu sína og dóttur þeirra, Helenu. Stundum hafi hann komið heim að næturlagi og þá átt til að rífa konu sína fram úr rúminu og halda henni vakandi, þar til hún þurfti að fara í vinnu um kl. 6 að morgninum. Kveðst hún oft hafa viljað kalla á lögregluna, en það hafi frú Bergljót ekki þorað af ótta við stefnanda, sem muni hafa hótað henni einhverju illu, ef hún gripi til þess ráðs. Af hálfu stefnanda hefur vætti vitnisins Guðrúnar Rútsdóttur verið mótmælt sem röngu, en skýrslu frú Bergljótar og vottorði frú Björklund hefur hann mótmælt sem málinu óviðkomandi.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að jafnvel þótt ekki teldist sannað, að stefnandi hafi verið þannig á sig kominn, að hann væri hættulegur umhverfi sínu, þá hafi lögreglustjórinn haft fulla ástæðu til að fyrirskipa handtökuna, eftir að hann hafði fengið upplýsingar yfirlæknis varnarliðsins, eigin konu stefnanda svo og annarra þeirra, er komu á skrifstofu hans umræddan dag. Yfirlýsing yfirlæknisins hafi nánast verið munnlegt vottorð um þörf aðgerða þeirra, er framkvæmdar voru. Eins og á stöð, hafi það engu máli skipt, þó að fulltrúi sakadómara hafi ekki gefið út formlega handtökuskipun.

Við hinn munnlega málflutning lýsti umboðsmaður stefnda yfir því, að hann gæti hvorki lagt fram vottorð, sem dr. Helgi Tómasson hafði gefið á sínum tíma um heilsufar stefnanda, né hin svonefndu „hótunarbréf“, sem stefnandi á að hafa skrifað, þar sem skjöl þessi væru sennilega glötuð. Þá kvað hann dr. Helga Tómasson svo sjúkan, að hann gæti ekki, eins og á stæði, gefið skýrslu í málinu.

Af gögnum málsins þykja fram komnar allmiklar líkur fyrir alvarlegum skapbrestum stefnanda. Hins vegar er algerlega ósannað, að hann hafi verið svo hættulegur umhverfi sínu, að nauðsyn hafi borið til svo róttækra aðgerða gagnvart honum sem raun varð á. Handtöku stefnanda og geymslu hans á geðveikrahælinu verður því að telja mistök af hálfu starfsmanna ríkisvaldsins, en á slíkum mistökum ber stefndi fébótaábyrgð gagnvart stefnanda. Ber stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann kann að hafa beðið vegna hinnar ólögðætu handtöku og gæzluvistar, sbr. 151. gr. laga nr. 27 frá 1951.

Þegar það er virt, að stefnanda var meinað að hafa samband við sendiráð lands síns, að hann var fluttur í fangahús, og ekki

sízt, að hann var síðan lokaður inni í herbergi með hópi geð-sjúklinga, svo og annað það haft í huga, er máli skiptir, þá þykja bætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi, svo sem krafist er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Robert P. Walsh, kr. 10.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. janúar 1959.

Nr. 159/1956. **Agnar Gústafsson**

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)

gegn

Axel Sigurðssyni og

Guðrúnu S. Guðmundsdóttur

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Synjað um fjárnám í fasteign konu fyrir skuld eiginmanns hennar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1956 og krafist þess, að úrskurður fégeta verði úr gildi felldur, að fjárnám verði framkvæmt í húseigninni nr. 21 við Melgerði í Reykjavík og að stefndu